

## Beygingarsaga nafnsins Ester<sup>1</sup>

### 1. Inngangur

Í lögum um mannanöfn nr. 45 frá 1996 sem tóku gildi 1. janúar 1997<sup>2</sup> er kveðið á um að nöfn skuli taka eignarfallsendingu. Það er meðal viðmiða sem beitt er þegar kveðið er á um upptöku nýs nafns enda er eignarfallsendingin eitt þeirra kennimarka sem ein-kenna beygingar mannanafna. Þannig hafa t.d. sterkbeygd nöfn karla fengið *-s* og *-ar* í eignarfalli séu skilyrði fyrir hendi, nöfn kvenna *-ar* en ekki *-s* í sömu föllum. *s*-endingin hefur verið svo bundin karlkyni að jafnvel íslensk ættarnöfn fá hana ekki sé nafnið borið af konu. Þannig **getur** mismunandi tilvísun verið fölgín í *skoðunum Nordals* og *skoðunum Nordal*. Í fyrra tilvikinu vísar Nordals eingöngu til karls en í því síðara til konu eða karls enda ættarnöfn oft óbeygd.<sup>3</sup> Geti ættarnafn á hinn bóginn tekið eignarfallsendinguna *-ar* þá **getur** hún vísað bæði til karla og kvenna.<sup>4</sup>

1 Þessi grein er byggð á fyrirlestri sem haldinn var á 30. Rask-ráðstefnunni 29. og 30. janúar 2016. Þakka ber Katrínu Axelsdóttur, Bjarka Karlssyni og Kristjáni Eirikssyni fyrir veitta aðstoð og líka óþekktum yfirlesarum. Í greininni er fjöldi dæma. Biblíudæmin eru tekin af slóðini *baekur.is*, biblíu. Önnur dæmi í greininni eru öll af *timarit.is* nema annað sé tekið fram. Dæmin af *timarit.is* voru sótt í september og október 2015 og nóvember 2016.

2 Sjá <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996045.html>

3 Sé konan erlend þá er eignarfalls-*s* æði oft notað.

i. [...] eiginmaður Margrétar *Thatchers* [...] *Morgunblaðið* 91. árg. 2003, 178. tbl., bls. 14; *timarit.is*

ii. Kristilegir demókratar Angelu *Merkels* Þýskalandskanslara [...] *Morgunblaðið* 96. árg. 2008, 27. tbl., bls. 14; *timarit.is*

4 Um endinguna *-ar* tekur Ingólfur Pálmason dæmi af ættarnafninu *Tborlacius* og vísar til Örnólfs *Tborlaciusar*. Því er forvitnilegt að sjá að hið sama getur átt við um konu, sjá:

iii. Þá fékk skólinn heimsókn frá Sögusvuntunni, leikhúsi *Hallveigar Tborlaciusar. grunnskóli. seltjarnarnes.is* > Skólinn > Fréttir > Eldri fréttabréf; sjá <http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/skolinn/utgafa/frettabref/nr/1330>

Notkunin sem hér hefur verið lýst er að miklu leyti í samræmi við stafsetningarreglur þær sem Málvarsbankinn<sup>5</sup> mælir með og byggjast á skoðunum Ingólfs Pálmasonar (1987). Kjarni þeirra er sá að ættarnöfn sem borin eru af körlum fá oftast endingu í eignarfalli (sáu skilyrði fyrir hendi) enda sé það í samræmi við málhefðina. Eins og rakið er þá er endingin oftast *-s* en sumum tilvikum þó *-ar*. Á hinn bóginn segir Ingólfur að ættarnöfn kvenna séu að jafnaði óbeygð; þar á hann við að þau taki ekki eignarfallsendingu. Enda þótt skoðanir og vilji Ingólfs fari ekki á milli mála segir hann líka að ættarnöfn karla séu ekki alltaf beygð í eignarfalli. Stundum fá t.d. aðeins skírarnafn karlsins endingu en ættarnafnið ekki alltaf.

Eins og fram hefur komið fylgja ættarnöfn ekki alltaf ákveðinni reglu. Í því sambandi er forvitnilegt að líta til svonefndra millinafna.<sup>6</sup> Samkvæmt áður nefndum mannanafnalögum er heimilt að gefa barni eitt millinafn auk eiginnafns eða eiginnafna. Millinöfnin eru ekki kyngreind; bæði kynin geta borið sama nafnið. Lögin gera þannig skýran greinarmun á eiginnöfnum annars vegar og millinöfnum hins vegar. Sú hefur þó ekki orðið raunin á meðal almennings enda er það úbreidd skoðun að millinafn sé seinna nafn af tveimur. En millinöfnin eiga miklu meiri samleið með ættarnöfnum. Algengt er að millinafn gegni hlutverki ættarnafns og fylgi sama beygingarmynstri, þ.e. *fái/geti* fengið eignarfallsendingu sé nafnið borið af karli en ekki eigi kona í hlut.<sup>7</sup> Þetta sýnir því vel sérstöðu ættarnafna og millinafna gagnvart eiginnöfnum og raunar nafnorðum, sérnöfnum sem samnöfnum, sem alltaf beygjast. En í ljósi hlutverks eiginnafna væri í sjálfu sér ekkert skrátið þótt óþarft þætti að beygja þau enda eru þau eiginlega merkingarlaus<sup>8</sup>, í raun og veru aðeins hálfgildings merkimiðar sem hafa lítið opinbert gildi

5 Sjá <http://malfar.arnastofnun.is/>

6 Það sem segir um millinöfn er að hluta til byggt á grein Guðrúnar Kvarn (2010).

7 Taka má hér dæmi af nafninu *Gnarr* sem er skráð sem millinafn, sbr. <https://www.island.is/mannanafn/>, en ekki ættarnafn enda hvergi skráð sem slíkt sjá [http://www.arnastofnun.is/page/aettarnofn\\_a\\_islandi](http://www.arnastofnun.is/page/aettarnofn_a_islandi), Ekki fer á milli mála að nafnið er þó notað þannig. Mörg dæmi eru um að nafnið fái eignarfallsendinguna *-s* enda þótt miklu fleiri séu um endingarleysi. Hér koma tvö:

iv. Hér fer á eftir sýnishorn af kveðskap Jóns *Gnarrs*. *Þjóðviljinn* 53. árg. 1988, 117. tbl., bls. 6; *timarit.is*

v. Ljóð *Jóns Gnarr* eru ýmist stutt eða löng. *Morgunblaðið* 75. árg. 1988, 103. tbl., bls. 10; *timarit.is*

8 Um (meint) merkingarleysi eiginnafna má vísa til Lyons (1977:198): „[...] it is widely, though not universally, accepted that proper names do not have sense.“ Þetta er þó túlkunaratriði.

þegar allt kemur til alls.<sup>9</sup> Kenninöfnin, þ.e. þau nöfn sem sýna hvort viðkomandi kennir sig til föður eða móður, eru sér á parti. Þau eru miklu fremur hálfgerð auknefni, nánast eins og viðurnefni. Þau gætu því allt eins verið óbeygð eins og ættarnöfn og milli-nöfn.<sup>10</sup>

Nafnið *Ester*<sup>11</sup> var fyrst notað sem eiginnaframt seint á 19. öld, sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni (1991:213). Þess er jafnframt getið að nafnið sé þekkt úr Biblíunni. Þau lýsa beygingunni á hefðbundinn hátt, nafnið sé endingarlaust í öllum föllum nema eignarfalli sem endi á *-ar*. Beygingarlýsingin í *BÍN*<sup>12</sup> er eins. Í gagnasafninu Markaðri íslenskri málheild, *MÍM*<sup>13</sup>, er ekki að finna aðra eignarfallsmynd en *Esterar*.<sup>14</sup> En þá er ekki öll sagan sögð. Í fyrsta lagi er Esterarnafnið mjög oft endingarlaust í eignarfalli. Í öðru lagi, og það sem athyglisverðara er, eru fjölmörg dæmi um eignarfallsendinguna *-s*, endingu sem aldrei hefur verið tengd við beygingu kvenkyns. Dæmi um hvort tveggja má sjá í þriðja kafla Því má við bæta að ekki er til þess vitað að fjallað hafi verið sérstaklega um *s*-eignarfall kvenkyns nafna. Að vísu minnst Bandle (1956) á það í umfjöllun sinni um málið á Guðbrandsbiblíu án þess

9 Hér er vísað til þess að í hinu opinbera kerfi er hver og einn skráður eftir kennitölu sem er einungis númer; eiginnaframt er skör lægra. Menningarleg staða þess er hins vegar af allt öðrum toga. Hér er forvitnilegt að líta á það sem fram kemur hjá Gísla Pálssyni (2014:10). Hann vísar til breska mannfæðingsins Ardener og spurningar hans um nöfn eða tölur. Spurning hans snýst um það í hvers þágu e-ð sé gert og hver geri það. Nafn er þannig nafnberans, í þágu hans, en það er gefið af öðrum.

10 Þetta leiðir hugann að notkun orða eins og *herra, séra, sör* og *lafði* eða *kolllega, brama* og *múlla* þegar þau standa hliðstæð með nafnorði: *fara til séra Jóns* og *frú Jónu* eru hér tekin sem dæmi. Þessi notkun er flókin þegar að er gáð. Vissulega er verið að kveða nánar á um stöðu beggja, annars vegar sem prests, hins vegar sem giftrar konu. En um leið eru þau þar með aðgreind frá öðrum Jónum og Jónum. Í þessari stöðu eru orðin *séra* og *frú* nánast eins og ábendingarorð sem beygjast ekki, kannski vegna hlutverks eða stöðu. Sé eiginöfnunum á hinn bóginn sleppt þarf að skeyta við þau greini: *fara til sérans* og *frúarinnar*. Því er við að bæta að hér er vert að líta til þýsku: Þar er herrann beygður í aukafalli: *Herrn Müller*; sjá líka Langendonck (2007:198).

11 Hér verður nafnið ritað *Ester*, þ.e. án h, nema í beinum tilvitnunum. Rithátturinn er töluvert á reiki.

12 Sjá <http://bin.arnastofnun.is/leit/?id=361956>

13 Sjá [http://mim.arnastofnun.is/cgi-bin/query\\_dev.cgi](http://mim.arnastofnun.is/cgi-bin/query_dev.cgi)

14 Leit að nafninu *Ester* á Netinu hefur leitt í ljós að mörg dæmi eru þess að þágufall (og þá þolfall) fá endinguna *-i*. Sýnishorn:

vi. Við þökkum *Esteri* Láru þolinmæðina og þátttökuna. *Fjarðarpósturinn* 7. árg. 1989, 24. tbl., bls. 3; *timarit.is*

Þess ber líka að geta að tvö dæmi eru um aukaföllin *Esteru* enda nefnifallið þá *Estera*. Heimildin er ein, *Bjarni* 17. árg. 1923, 25.–26. tbl., bls. 197; *timarit.is*.

þó að ræða það frekar. Nánar verður vikið að orðum Bandle í öðrum kafla.

Eiginnöfn teljast til fallorða og haga sér eins og þau að því er varðar kyn og beygingu. Eiginnöfnin eru formlega ekki ákveðin en að hlutverki eru þau það. Kuryłowicz (1980:6–8) fjallaði um nöfn og stöðu þeirra innan málkerfisins. Hann leit svo á að nán tengsl væru á milli nafna og ákveðni. Í því sambandi má vísa til orða hans (bls. 6):

- (1) Personal names designate or rather indicate without semantically classifying the person (like in the case of common nouns *father, farmer* [...]). But there is at least one semantic element inherent in the personal name. The semantic content of such a name is *p e r s o n*, sometimes also a definite sex, take *John* [...] versus *Joan* [...] Therefore the semantic content of the personal name doesn't much exceed that to be attributed to purely deictic elements like *ego, tu* [...]

Hence personal names may be regarded as belonging to the deictic subsystem whose chief representants are personal and demonstrative pronouns.

Sömu hugsun og hér má víðar finna, t.d. hjá Anderson (2004:435 og annars staðar) sem segir að vegna ákveðniþáttarins greinist nöfnin frá hinum almenna nafnaforða.<sup>15</sup> Að öðru leyti, segir Anderson (bls. 471), að þau séu „grammatically empty“.

Allt frá örófi alda hafa nöfn skipt okkur máli, jafnt nöfn okkar sjálfra sem örnefni. Þau eru einn mikilsverðasti þáttur í sjálfsmynd okkar. Nafn endurspeglar stöðu okkar í samfélaginu og um leið þá menningu sem við búum í. Þess vegna verða nöfn og notkun þeirra jafn umdeild og raun ber vitni.<sup>16</sup>

## 2. Ester og Biblían

Eins og áður sagði er nafnið *Ester* biblúnafn enda er Esterarbók ein bóka Biblíunnar. Í bókinni segir frá lífi hinnar fögru Esterar sem

15 Það að fornöfn séu ofar í stigveldinu en eiginnöfn er í samræmi við þær algildishugmyndir sem finna má t.d. hjá Croft (2003:130).

16 Samanber Gísla Pálsson (2014:4).

síðar varð drottning. Mörg alþekkt nöfn teljast til biblíunafna. Meðal kvenmannsnafna eru t.d. nöfnin *Anna, Eva, Júdit, Lea, Rakel, Rebekka, Sara* og er þá fátt eitt talið.<sup>17</sup> Eðli málsins samkvæmt urðu nöfnin fyrst þekkt og sum útbreidd við útkomu Guðbrandsbiblíu (1584). En mörg þeirra voru fólki framandi. Bandle (1956:284 o. áfr.) ræðir lítilllega um beygingu nafna í riti sínu um málið á Guðbrandsbiblíu. Fram kemur að nöfn sem þegar voru þekkt beygist; óregla ríki hins vegar séu nöfnin (ný) erlend. Nöfn beygist stundum á hefðbundinn hátt, stundum ekki, og dæmin sem hann sýnir votta það. Hann getur þess (bls. 286) t.d. að nafnið *Rakel* sé í eignarfalli með *-ar* en geti líka verið endingarlaust eða með *-s*. Það er athyglisvert að hann gerir enga sérstaka athugasemd við að kvenmannsnöfn fái eignarfallsendingu karlmannsnafna.

Nafnið *Ester* kemur oft fyrir í Esterarbók. Í Guðbrandsbiblíu er nafnið átta sinnum að finna í eignarfalli og í öll skiptin óbeygt. Í (2) má sjá fjögur sýnishorn:

	Esterarbók	
(2) a.	Og þa þesse Ord <b>Esther</b> voru søgd Mardocheo [...]	4.12
b.	Þa sagde Kongurenn [...] til <b>Esther</b> [...]	7.2
c.	Þa suarade Assuerus Kongur og sagde til <b>Esther</b> Drottningar	7
d.	Þa sagde Assuerus Kongur til Drottningar <b>Esther</b> [...]	8.7

Einu gildir hvort nafnið stendur sem eignarfallseinkunn eða í forsetningarlið; eignarfallið er endingarlaust. Í þessu sambandi verður að geta þess að Bandle (1956:285) hefur bent á að komi eignarfallið á undan stýrivaldinum sé „im allgem. die s-Form bevorzugt“, en ekki sé það eftirsett. Hann sýnir líka dæmi um að *til* taki með sér nafnorð með *-s*. Dæmi hans eru fjölmörg, öll um karlmannsnöfn nema tvö. En eins og sjá má á þetta ekki við um dæmin í (2).

Samtíðarmaður Guðbrands var séra Einar Sigurðsson í Eyðölum. Hann orti Rímur af bókinni Ester sem eru í *Vísnaþók* þeirri sem kennd er við Guðbrand og fyrst kom út 1612; þá er eignarfallið

<sup>17</sup> Hér er vert að geta ritgerðar þeirra Agnesar Heiðu Þorsteinsdóttur og Hrafnhildar Ýrar Árnadóttur, *Staða biblíunafna í íslensku samfélagi*; sjá *skefman.is*. Í ritgerðinni er m.a. gerð grein fyrir notkun og tíðni biblíunafna eftir tímabilum.

alltaf með *-s*.<sup>18</sup>

Enda þótt finna megi *s*-eignarfall í nafni *Esterar* hjá Einari birtist það fyrst í Biblíunni 1813 (Grútarbiblía – Biblía Hendersons). Í þeirri útgáfu er nafnið óbeygt í eignarfalli í öllum tilvikum nema tveimur og þá með *-s*:

Esterarbók

- |              |                                   |      |
|--------------|-----------------------------------|------|
| (3) a. [...] | þíónustumeyar <b>Esters</b> [...] | 4.4  |
| b. [...]     | þesse orð <b>Esthers</b> [...]    | 4.12 |

Biblía sú sem kennd er við Viðey kom út 1841. Það var ný þýðing, sú næsta á eftir Guðbrandsbiblíu, og töluverð breyting frá fyrri útgáfum. Þar má segja að *s*-eignarfallið festi sig í sessi: í þau þrjú skipti sem *Ester* kemur fyrir í eignarfalli er endingin alltaf *-s* og bókin um Ester fær í fyrsta skiptið nafnið **Estersbók**.<sup>19</sup> Ný þýðing Biblíunnar, sú þriðja, kom út árið 1908. Í þeirri útgáfu fær *Ester* alltaf eignarfallsendinguna *-ar* og áður nefnd bók nefnd **Esterarbók**. Það nafn hefur hún borið síðan. En vert er að benda á að *ar*-ending kemur hér fram á svipuðum tíma og nafnið varð að raunverulegu kvenmannsnafni.

Í þeirri beygingarsögu sem hér hefur verið lýst eru þrjú kennileiti. Nafnið var lengstum án nokkurrar sérstakrar eignarfallsendingar en *s*-endingin sem líka verður að teljast upphafleg breiddist samt fremur seint út. Nafnið fékk hins vegar ekki hina dæmigerðu kvenkynsendingu *-ar* fyrr en um sama leyti og nafnið öðlaðist sess sem eiginnafn. Allt þarfnast þetta skoðunar, sérstaklega þó *s*-endingin en líka endingarleysið.<sup>20</sup>

18 Þetta má sjá í nýjstu útgáfu bókarinnar, Vísabók Guðbrands (2000:175–177); sjá líka <http://bragi.info/ljod.php?ID=2148>. Ég þakka Bjarka Karlssyni sérstaklega fyrir að benda mér á þetta í upphafi og Kristjáni Eiríkssyni fyrir að leiða mig á réttar slóðir.

19 Í Guðbrandsbiblíu kallast hún *Boken Esther* en í næstu útgáfum fer Esterarnafnið ýmist á undan eða eftir. Í sumum útgáfum nefnist hún *Estersbók*. Varast skyldi að túlka eignarfalls *s*-ið hér um of; það þjónar líklegast aðeins samsetningunni sem slíkri.

20 Með því að *Ester* fengi eignarfallsendinguna *-s* gátu tókunöfnin *Ester* og *Lúter* beygst eins, að því tilskyldu að *Lúters* nafnið væri endingarlaust í þágufalli. Nú er *Lúter* með *-i* í þágufalli hjá Guðrónu Kvaran og Sigurði Jónssyni frá Arnarvatni (1991:392) en endingarlaust í *BÍN*. Því má bæta við að ritháttur nafnsins er nokkuð á reiki. Það er stundum *b*-laust rétt eins og nafnið *Ester*. Sjá líka neðanmálgrein 11.

### 3. *Ester* sem eiginnafn<sup>21</sup>

Þegar *Ester* verður að eiginnafni seint á 19. öld raungerist nafnið frá því að vera nafn á bók.<sup>22</sup> Því er fróðlegt er að skoða heimildir um notkun þess í gagnasöfnum. Þótt mörg dæmi séu í 19. aldar ritum er sá hængur á að elstu (nothæfu) dæmin og allt fram yfir 1930 vísa alltaf til frásagnar Biblíunnar og sögupersóna þýddra skáldsagna; farkostur kemur líka við sögu. Elstu dæmi sem vísa til lifandi veru, konu að nafni *Ester*, eru frá fjórða áratug síðustu aldar.

Elsta dæmið um eignarfallsendinguna *-ar* á *timarit.is* er frá 1899, Esterarbók. Það rímar við það sem áður sagði um þriðju þýðingu Biblíunnar frá 1908. Athyglisvert er hins vegar að frá þessum tíma og allt fram yfir aldamótin 2000 eru til dæmi sem sýna að eignarfallið af *Ester* er jafnframt ýmist endingarlaust eða með *-s*. Í (4) eru nokkur dæmi. Í tveimur fyrstu dæmunum eru frásagnir af erlendum uppruna. Tvö dæmi eru úr sömu heimild; þar er þó báðar myndir að finna.<sup>23</sup>

- (4) a. 10 vikum eptir hvarf Esthers fundu menn reyndar lík ungrar stúlku [...] *Skírnir* 58. árg. 1884, megintexti, bls. 109; *timarit.is*
- b. Frændi Esters, Mardókeus, varð til að forða konunginum frá svikráðum óvina hans [...] *Kennarinn* 1. árg. 1897–1898, 9. tbl., bls. 139; *timarit.is*

21 Fram kemur á vef Hagstofu Íslands, *bagstofa.is*, að 1. janúar 2015 var *Ester* (*Esther*) í 95.–96. sæti á lista yfir algengustu eiginnöfn kvenna; hafði þá færst niður um fjögur sæti frá 1. janúar 2014. Jafnframt sýna tölur að 1. janúar 2015 báru 433 konur *Ester/Esther* að fyrri nafni, 100 að því seinna. Það skal tekið skal fram að á listanum yfir algengustu eiginnöfn kvenna 1. janúar 2015 eru rit-háttarmyndirnar *Ester* og *Esther* felldar undir eina tölu. Upplýsingarnar voru sóttar 16. nóvember 2016; sjá [www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/nofn](http://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/nofn)

22 Enda þótt nafnið hafi birst okkur sem nafn í bók, Esterarbók, er auðvitað líklegast að fyrirmyndin hafi verið lifandi kona. Hvernig nafn hennar hefur orðið til er önnur saga. Guðrúnu Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni (1991:213) geta þess að kannski liggja persneskt orð fyrir stjórnunni að baki. Þá er þróunin sú að það sem er ópersónulegt og ekki lifandi hefur orðið persónulegt (og lifandi). Hvort millistigið er eitthvað skal ósagt látið. En það er í raun viðfangsefni guðfræðinga og sagnfræðinga að fjalla um sögu Esterar.

23 Tilviljun leiddi greinarhöfund að *Sögum berlæknisins* (eftir Zacharias Topelius) í þýðingu Matthíasar Jochumssonar. Ekki fundust þar dæmi um *-ar*-eignarfall en tekið skal fram að bókinni var aðeins flett lauslega. En dæmin sýna að Matthías hefur ekki verið samkvæmur sjálfum sér sem bendir til þess að eignarfallið hafi verið á reiki. Líklega eru þó dæmin um *-s*-eignarfallið fleiri en þau þar sem endingin er engin. Því má bæta við að í útgáfu Snorra Hjartarsonar frá 1955 er eignarfallsendingin ávallt *-s*.

- c. [...] og ástarmálum milli þeirra Karls Victors Bertelskjölds og Ester Larssons.  
*Sögur berlæknisins* V. bindi 1908, bls. 5
- d. Augu Esters brunnu.  
*Sögur berlæknisins* V. bindi 1908, bls. 209
- e. Hann leit til Ester við og við en sagði ekkert.  
*Norðurland* 12. árg. 1912, 4. tbl., bls. 168; *timarit.is*

Sambærileg dæmi má finna allt til nútímans. Sá munur er hins vegar á dæmunum í (4) og í (5) að í (5) er ávallt verið að vísa til samtímakvenna, lifandi vera. Fyrst koma dæmi um *s*-eignarfall.

- (5) a. [...] sem léti samkvæmt ráði Esthers [...]
  - Alþýðublaðið* 19. árg. 1938, 93. tbl., bls. 2; *timarit.is*
- b. Gleðileg jó! Snyrtistofa Önnu og Esters [...]
  - Þjóðviljinn* 17. árg. 1952, 292. tbl. II, bls. 10; *timarit.is*
- c. Börnin hafa notið aðstoðar handavinnuleiðbeinenda, Esters Jónsdóttur og Kristínar Magnúsdóttur [...]
  - Morgunblaðið* 78. árg. 1991, 95. tbl., bls. 46; *timarit.is*
- d. 13-17 tap hefði dugað sveit Esthers til sigurs í mótinu.
  - Morgunblaðið* 90. árg. 2002,
  - Morgunblaðið* B, bls. 28; *timarit.is*

Hér verður að gera athugasemdir við tvennt. Snyrtistofan, sbr. (5b), sendi sumarkveðju í *Þjóðviljanum* vorið 1953 (18. árg., 90. tbl. I, bls. 11; *timarit.is*). Þá hét hún Snyrtistofa Önnu & Ester. Í frásögn Morgunblaðsins af briddsmótinu, sbr. (5d), kemur Esther nokkrum sinnum við sögu. Eignarfallið er alltaf (þrisvar) með *-ar* nema í þessu eina dæmi sem hér er sýnt. Enn og aftur kemur í ljós að beygingin er á reiki.

Í (ómerktum) málfarsþætti í *Vísi* í apríl 1956 (*Vísir* 46. árg., 92. tbl., bls. 6; *timarit.is*) var sagt að rangt væri að hafa nöfn eins og Ester, Íris, Lóló og Rut óbeygð og í þætti sama efnis 27. nóvember sama ár (269. tbl., bls. 4; *timarit.is*) bættist Maggý í hópinn. Í þætti Árna Böðvarssonar, *Íslensk tunga*, í *Þjóðviljanum* 1958 (23. árg., 63. tbl., bls. 6; *timarit.is*) tveimur árum síðar var drepíð á ýmislegt sem varðar beygingu eiginna. Þar koma Ester og Rut við sögu.



- (6) Nöfnin **Ester** og **Rut** eru bæði tvö komin úr biblíunni, en eignarfall þeirra er „til Esterar, til Rutar“, sbr. *Rutarbók* og *Esterarbók í biblíunni*. Orðasamband eins og „til Ester, til Rut“ er jafnfráleitt og t.d. „til hennar Laufey, til hennar Kristín“.

Í ljósi dæmanna í (5) er það kannski athyglisverðast að Árne skuli ekki minnst á *s*-eignarfallið, heldur einungis amast við því að hafa nöfnin óbeygd. Það er þó á vissan hátt skiljanlegt enda er *s*-endingin sjaldgæfari. En athugasemdin virðist að öðru leyti hafa átt nokkurn rétt á sér, það votta dæmin. Hér koma dæmi um *Ester*:<sup>24</sup>

- (7) a. Svar til **Esther**: Bifreiðarstjórinn var úr enska landhernum.  
*Vikan* 4. árg. 1941, 43. tbl., bls. 2; *timarit.is*
- b. [...] að snúa sér til eftirtaldrá hárgreiðslustúlkna: **Ester** Einarsdóttur [...]  
*Þjóðviljinn* 6. árg. 1941, 37. tbl., bls. 3; *timarit.is*
- c. Svar til **Ester**. Allar upplýsingar um nám í hárgreiðslu er að fá [...]  
*Vikan* 21. árg. 1958, 27. tbl., bls. 2; *timarit.is*
- d. Þátttökutilkynningar sendist til **Ester** Hjartardóttur [...]  
*Tíminn* 55. árg. 1971, 186. tbl., bls. 9; *timarit.is*
- e. Þó rann upp sú stóra stund að hún ... fluttist til **Ester** dóttur sinnar [...]  
*Morgunblaðið* 72. árg. 1985, 184. tbl., bls. 39; *timarit.is*

Í öllum dæmum fram til þessa hefur *Ester* verið eina nafn nafnberans. Fá dæmi hafa fundist þar sem *Ester* hefur verið seinna nafn; raunar varða þau öll eina konu. Vorið 1958 segja öll dagblöðin frá myndlistarsýningu þekkrar listakonu, Ásgerðar Esterar Búadóttur. Í frásögnum í *Vísi* (48. árg. 1958, 85. tbl., bls. 8 og 92. tbl., bls. 2; *timarit.is*), *Þjóðviljanum* (23. árg., 96. tbl., bls. 3 og 99. tbl., bls. 12; *timarit.is*) og *Morgunblaðinu* var eignarfallið ávallt endingarlaust. Dæmið úr *Morgunblaðinu* má sjá í (8a). Í b.-dæminu er hins vegar dæmi um *s*-eignarfall en í c. er *ar*-eignarfall.<sup>25</sup>

<sup>24</sup> Um nafnið *Rut* verður nánar rætt í fjórða kafla.

<sup>25</sup> Í *Morgunblaðinu* (89. tbl., bls. 2), *Tímanum* (97. tbl., bls. 11) og *Vísi* (94. tbl., bls. 2) birtast líka frásagnir þessa sömu daga um sýningu Ásgerðar Esterar, þ.e. *ar*-eignarfall. Enn og aftur sýnir það sig að beygingin er á reiki.

- (8) a. Myndlistarsýning Ásgerðar Ester Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar. Hefir nú staðið yfir um skeið í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti.  
*Morgunblaðið* 45. árg. 1958, 97. tbl., bls. 2; *timarit.is*
- b. Myndlistarsýningin Ásgerðar Esters Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti hefir nú staðið yfir í 10 daga.  
*Tíminn* 42. árg. 1958, 95. tbl., bls. 1; *timarit.is*
- c. Myndlistarsýning Ásgerðar Esterar Búadóttur og Benedikts Gunnarssonar í Sýningarsalnum við Ingólfsstræti, sem ljúka átti þ. 1. maí, hefir nú verið framlengd vegna mikillar aðsóknar til sunnudagskvölds.  
*Alþýðublaðið* 39. árg. 1958, 98. tbl., bls. 12; *timarit.is*

Dæmin í (8) þar sem *Ester* er seinna nafnið af tveimur sýna það sama og öll hin dæmin: beygingin er á reiki. Eins og áður sagði skortir mjög dæmi af sama toga enda hefðu fleiri dæmi kannski getað varpað frekara ljósi á málið. Það er t.d. vel þekkt að standi tvö nöfn saman er seinna nafnið stundum óbeygt, að því tilskildu að það sé sterkbeygt.<sup>26</sup>

Enda þótt flestir beygi Esterarnafnið eins og við er að búast fer ekki á milli mála að eignarfallsformið hefir vafist fyrir ýmsum. Það votta heimildir.

## 4. Önnur kvenmannsnöfn

### 4.1 Um nöfnin *Rut*, *Inger*, *Dagmar*, *Rakel*, *Bóel* og *Júdit*

Í (6) var nafninu *Rut* spyrnt saman við *Ester* og þess getið að það væri stundum endingarlaust í eignarfalli. *Rut* er biblíunafn og í Guðbrandsbiblíu er eignarfallsformið (líklega) alltaf endingarlaust. Hið sama votta líka ung dæmi.<sup>27</sup> En það sem kemur kannski á óvart

26 Á netinu má finna mörg dæmi þessa, t.d. *Ásdísar Rán* í stað *Ránar* og *Unnar Dís* í stað *Dísar*. Mörg fleiri sambærileg dæmi er að finna, þ.á m. þegar *Rut* er seinna nafnið. Um Rutarnafnið verður rætt hér á eftir.

27 Þorvaldur Gylfason (2004) minnst á beygingu nafnsins *Rut* og getur þess að hann hefði heyrt það haft endingarlaust í eignarfalli. Því er við að bæta að á *timarit.is* eru mörg dæmi um ritháttinn *Ruth*. Þá getur eignarfallið verið endingarlaust en getur líka fengið endingarnar *-s* og *-ar*. Ekki verður betur séð en að í öllum tilvikum sé nafnið í frásögn af erlendum uppruna.

að dæmi eru um *s*-eignarfall frá miðri síðustu öld. Dæmin eru þó í þýddum frásögnum.

- (9) a. Á annan í hvítasunnu, í gær, þá fórum við pabbi og mamma upp í Sumarbústað til **Rut** ömmu og Olla afa.  
*www.brundarstelpur.barnaland.is*
- c. Flutti þá til **Rut** í 5 vikur og var það held ég besta sambúð sem nokkur getur hugsað sér.  
*www.ebookxp.org/gellarinn.blog.is/blog/ballavmonth/2008/12/?b=4* (29. des. 2008)
- d. Hann leit á móður **Ruts** [...] <sup>28</sup>  
*Jólatíðindin* 28. árg. 1941, 1.tbl., bls. 2; *timarit.is*
- e. [...] og ég gat séð stór augu **Ruts** ljóma af ánægju.  
*Sunnudagsblaðið* 3. árg. 1958, 32. tbl., bls. 504; *timarit.is*

Engin sérstök ástæða er fyrir því að nafnið skuli nú geta verið óbeygjanlegt. Dæmin um *s*-endinguna gætu hins vegar stafað af því að þau eru úr þýddum texta.

En hvað með nöfn sömu eða svipaðrar gerðar og *Ester*? Þar verður t.d. fyrir tókunafnið *Inger*. Fram kemur hjá Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni frá Arnarvatni (1991:322) að það komi fyrst fram í manntölum á 19. öld og þá hafi erlendar konur borið nafnið. Af orðum þeirra má sjá að í upphafi 20. aldar hafi nafnið verið mjög fátítt.<sup>29</sup> Og hvað með beygingu þess í eignarfalli? Enda þótt dæmin séu ekki mörg eru eignarfallsendingarnar þær sömu og hjá *Ester*. Endingin *-ar* er algengust en inn á milli má finna hvort tveggja, endingarleysi og endinguna *-s*. Dæmin eru úr ungum heimildum.

- (10) a. Mig langar til að koma á framfæri innilegu þakklæti til **Inger Önnu Aikman** [...]  
*Morgunblaðið* 73. árg. 1986, 117. tbl., bls. 59; *timarit.is*
- b. Í gærkvöldi var til að mynda þáttur í umsjá *Inger Anne Aikman* sem nefndist Í lífsins ólgusjó. [...]  
Einn viðmælandi **Ingers**.  
*Dagblaðið Vísir* – DV 81. og 17. árg. 1991, 109. tbl., bls. 39;

28 Í textanum (á sömu blaðsíðu) kemur það kemur skýrt fram að Rut er stúlka, sjá t.d. þessa setningu: vii. Hún Rut litla, dóttir gestgjafans [...]

29 Af aðgengilegum opinberum gögnum verður ekkert ráðið um fjölda nafnbera nú.

*timarit.is*

Næsta nafn sem hér verður athugað er tökunafnið *Dagmar*. Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni (1991:177) segja að það hafi fyrst orðið að skírnarnafni hér á síðari hluta 19. aldar. Þau gefa eignarfallsmyndina *-marar*. Og það er hin viðurkennda beyging. Það breytir því ekki að fjölmörg dæmi eru þess að nafnið fái annaðhvort *s*-endingu í eignarfalli eða sé endingarlaust. Lítum á nokkur sýnishorn. Fyrst koma þau endingarlausu en þá þau með endingunni *-s*.

- (11) a. Svar til **Dagmar** og Kristínar [...]
   
    *Dagblaðið* 7. árg. 1981, 194. tbl., bls. 3; *timarit.is*
- b. [...] andlát [...] **Dagmars** ...dóttur
   
    *Morgunblaðið* 70. árg. 1983, 56. tbl., bls. 28; *timarit.is*
- c. Hann fer niður í stofu til **Dagmar** [...]
   
    *Dagur* 75. árg. 1992, 218. tbl. – *HelgarDagur*, bls. 18; *timarit.is*
- d. Meðal næstu nágranna Eyþórs og **Dagmars** [...]
   
    *Fréttablaðið* 13. árg. 2013, 46. tbl., bls. 110; *timarit.is*

Þegar nafnið er síðara nafn þá eru dæmi um hvort tveggja, endingarleysi en líka endinguna *-s*:

- (12) a. [...] útför [...] Fanneyjar **Dagmar** [...]
   
    *Morgunblaðið* 80. árg. 1993, 34. tbl., bls. 39; *timarit.is*
- b. Útför [...] Jóhönnu Dagmar [...]
   
    *Morgunblaðið* 98. árg. 2010, 252. tbl., bls. 26; *timarit.is*
- c. Ásgeir var [...] sonur [...] og Aðalheiðar *Dagmars* [...]
   
    *Morgunblaðið* 70. árg. 1983, 100. tbl., bls. 34; *timarit.is*
- Dæmi eru um konu sem hefur *Dagmar* að fyrra nafni. Þá má finna báðar endingarnar en líka endingarleysi:

- (13) a. [...] en hann er einnig undir eftirliti **Dagmar Völu** [...]
   
    *Morgunblaðið* 80. árg. 1993, 90. tbl., bls. 26; *timarit.is*
- b. Allur ágóði af sölu aðgöngumiða og happdrættismiða rennur óskiptur til **Dagmars Völu** dýralæknis. <https://www.fa->

cebook.com/KristinB1984/posts/10207655478411320

c. Að sögn **Dagmarar Völu** [...]

*Dagblaðið Vísir* – DV 83. og 19. árg. 1993, 174. tbl., bls. 40;  
*timarit.is*

Nafnið *Rakel* er eitt þeirra nafna sem reynst hefur erfitt í beygingu.<sup>30</sup> Í Guðbrandsbiblíu er eignarfallið af *Rakel* táknað með *-s*, *-ar* eða er endingarlaust. Eftir því sem best verður séð þá verður *ar*-endingin einráð í Biblíunni 1841 (Viðeyjarbiblíunni). Óhætt er að fullyrða að það sé ríkjandi eignarfallsending nú.

Hvað um hinar endingarnar? Engin dæmi eru um *s*-endinguna hjá lifandi verum.<sup>31</sup> En endingarleysið er algengt. Í (14) koma þrjú dæmi og í öllum er eignarfallið endingarlaust.

(14) a. Ég tók upp pakkana, las nöfnin af miðanum sem bundinn var fastur við hvern og einn, og rétti þá til **Rakel**.

*Morgunblaðið* 39. árg. 1952, 123. tbl., bls. 44; *timarit.is*

b. Afmælikveðjur til **Rakel** á ný ef hún skyldi gleyma að kíkja á Facebook!

*floki.net/?p=117* (9. mars 2008)

c. Mateja endaði sóknina á að renna knettinum til **Rakel** Hönnudóttur [...]

*www.fotbolti.net* (23. júní 2011)

Síðustu nöfnin sem hér er fjallað um eru *Bóel* og *Júdit*. Bæði nöfnin eru þekkt frá 18. öld, sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni (1991:163, 350). Fyrri nafnið er tókunafn úr sænsku, það síðara er biblíunafn.

Fá dæmi eru um nafnið *Bóel* enda hefur það aldrei verið algengt.

(15) Sonur hjónanna Jóns [...] og **Bóel** [...] dóttur

*Morgunblaðið* 76. árg. 1989, 23. tbl., bls. 37; *timarit.is*

Hér hefðum við vænst þess að fá *ar*-endingu, *Bóelar*, eins og raunar flest þau dæmi sem finna má á *timarit.is* en þau ná aftur til 1870.

30 Nafnið *Rakel* er þekkt úr Sturlungu, sbr. Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni (1991:453); það er þó fyrst og fremst þekkt sem biblíunafn og er sjálfsagt af sama uppruna í Sturlungu.

31 Eina dæmið sem fundist hefur er úr *Heimilislaðinu* (1914), sjá *timarit.is*, en þar er í þýddri sögu talað um sögu Jakobs og *Rakels*.

*Júdit* er sjaldgæft nafn. Eignarfallið er annaðhvort táknað með *-ar* eða er endingarlaust; engin (örugg) dæmi eru um *s*-eignarfall. En dæmið um þessi tvö nöfn er glöggur vitnisburður þess sem áður sagði að beygingin er ekki alveg augljós.

## 4.2 Samantekt

Skipta má nöfnunum *Rut*, *Inger*, *Dagmar*, *Rakel*, *Bóel* og *Júdit* í hópa. Nöfnin *Inger* og *Dagmar* falla í hóp með Esterarnafninu enda geta þau öll myndað eignarfall með *-ar*, *-s* eða verið endingarlaus rétt eins og *Ester*. Vissulega er *ar*-endingin sú langalgengasta í öllum tilvikum. Öll nöfnin hafa verið og geta enn verið endingarlaus í eignarfalli. Nöfnin *Rakel* og *Rut* mynda eignarfall með *-ar* eða eru endingarlaus. Dæmin um *s*-eignarfall eru hins vegar gömul eða vafasöm á ýmsan hátt. Um nafnið *Bóel* eru engin dæmi um *s*-eignarfall en um *Júdit* er slíkt dæmi ekki öruggt. Bæði nöfnin mynda hins vegar eignarfall með *-ar* eða  $\emptyset$ .

Nöfnin *Ester*, *Inger*, *Rakel*, *Bóel* og *Júdit* eru öll tvíkvæð og hafa yfir sér framandi svip vegna áherslulausa atkvæðisins sem minnir á viðskeyti. Hugsanlega veldur sá þáttur erfiðleikum í beygingu. Hvort ástæðan er sú að ekki komi fram nægar upplýsingar um kynið er erfitt að fullyrða. En karlmannsnöfn sömu gerðar eru til, sbr. *Lúter* og *Daníel*.<sup>32</sup> Það blasir ekki við hvers vegna beyging Dagmararnafnsins hefur flækst fyrir. Nafnið lítur út eins og hvert annað samsett orð. Sérstaklega ber þá að nefna nokkur eiginnöfn karla.<sup>33</sup> Eina sem gæti skýrt hegðun Rutarnafnsins er það að nafnið er erlent. Sú skýring er þó haldlítill.

Umfjöllunin hér á undan hefur varðað örfá nöfn, öll tókunöfn,

32 Karlmannsnöfnin *Daníel* og *Jóel* eru sömu gerðar. Því er svo við að bæta að í *BÍN* er nafnið *Abel* beygt jafnt sem karlmanns- og kvenmannsnafn. Nafnið *Abel* er ekki á lista yfir leyfð nöfn kvenna. Í Íslendingabók er ein kona skráð með nafnið sem annað nafn en því er sleppt í þjóðskrá. Og samkvæmt Guðrúnu Kvaran og Sigurði Jónssyni frá Arnarvatni (1991:89) var nafnið kvenmannsnafn hér á fyrri öldum. Í skrár er ein kona með *Marel* að öðru nafni en í *BÍN* og annars staðar er *Marel* beygt sem karlmannsnafn. Þess má geta að nöfnin *Abel* og *Marel* eru á skrá yfir millinöfn.

33 *Mar* er skráð eiginnafn karlmanns, sjá <https://www.island.is/mannanafn/>. Það er líka hluti samsetts nafns, sbr. t.d. nöfnin *Sigurmar* og *Þor-/Þórmar*. Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni (1991:590) gefa beyginguna *Sigurmars*, *Þor-/Þórmars*; *Mar* er ekki sjálfstætt nafn. Í *Stafsetningarorðabókinni* (2006:365) er *Mar* í eignarfalli *Mars*. Þekktur Íslendingur, nú látinn, bar ættarnafnið *Mar* og hafði í eignarfalli *Marar*. *Pormar* er hvort tveggja, eiginnafn og ættarnafn. Nöfnin *Mar* og *Pormar* eru á ættarnafnaskrá, sjá [http://www.arnastofnun.is/page/aettarnafn\\_a\\_isl-andi](http://www.arnastofnun.is/page/aettarnafn_a_isl-andi)

framandi að gerð. En sú skýring dugir líklega skammt, a.m.k. að því er varðar beygingarleysið og þar með eignarfallið. Staðreyndin er nefnilega sú að fjölmörg einkvæð nöfn hafa sterka tilhneigingu til þess að vera endingarlaus í eignarfalli. Þá gildir einu hver uppruninn er. Það votta nöfn eins og *Dís*, *Ósk*, *Sif* og líka *Rut*.

## 5. Lokaorð

Einhver kynni að segja að í beygingarsögu Esterarnafnsins stæði vart steinn yfir steini. Það er ekki rétt. Það er hins vegar rétt að beygingin hefur verið reiki. Og fyrir því hlýtur að vera einhver ástæða eða ástæður.

Það skiptir í sjálfu sér ekki miklu máli þótt nafn sé haft óbeygt, fái t.d. ekki eignarfallsendingu. Athyglisverðasti þáttur þessarar beygingarsögu er hins vegar sá að kvenmannsnafn skuli mynda eignarfall með endingunni *-s*. Engin önnur ending málsins er eins afdráttarlaus og einmitt þessi ending. Hún er einræð og getur einungis táknad eignarfall, sbr. Ástu Svavarsdóttur (1993:62). Hún er eina ending sterkbeygðra hvorugkynsorða og langalgengasta ending sterkra karlkynsorða.<sup>34</sup> En þá er spurningin sú hvers vegna kvennanöfnin hafi fengið *s*-endingu. Sé tekið mið af nafninu *Ester* koma þrjár skýringar til greina. Tvær eru nátengdar; þær varða uppruna og formgerð. Sú þriðja varðar hlutverk og stöðu.

Fyrsta skýringin varðar upprunann. Grundvöllur hennar er sá að nafnið *Ester* er tókunafn og beygingin hafi þess vegna hvorki þurft að falla að reglum beygingarkerfisins né heldur hlíta þeim. Slíkri skýringu eða skýringum ber að taka með varúð enda aðlagast erlend orð miklu oft en ekki kerfi málsins. Spurningin ætti fremur að varða *getu* eða *möguleika* nafnsins til aðlögunar. Vandinn snýr því að gerð orðsins, formgerðinni, en að henni snýr einmitt önnur skýringin. Þá væri ástæðan sú að hinn áherslulausi liður nafnsins væri framandi. Það væru því morfemaskilin sem yllu því að ýmsum gæti þótt *ar*-endingin ekki við hæfi. Hér má benda á að nöfnin eru misjafnlega gömul í málinu. Þannig eru nöfnin *Rakel* og *Ester*

34 Stundum er sagt að *s*-endingin sé hin ómarkaða eignarfallsending sterkra karlkynsorða, sbr. Eirík Rögnvaldsson (1990:87). Það er hún án efa í ljósi tíðni og fyrirsegjanleika. En álitamálin eru fleiri eins og t.d. má lesa um hjá Haspelmath (2006) og e.t.v. er mörkun alls ekki álitleg viðmiðun þegar allt kemur til alls.

miklu eldri en t.d. *Inger* og líka *Dagmar* sem þó hefur sérstöðu að því er myndun varðar. Samt sem áður eru beygingarendingarnar þær sömu. Því má ætla að aldur skipti engu máli.

Í byrjun 20. aldar breyttist beyging nafnsins *Ester* í Biblíunni; þá varð eignarfallsendingin *-ar*, ending sterkbeygðra kvenkynseiginafna, einráð. Skömmu áður eða seint á 19. öld hafði nafnið verið tekið upp sem eiginnafn. Fram til þess tíma hafði það einungis verið nafn á bók og (líklega) alltaf í þýddum textum. Með öðrum orðum: Breyting varð á hlutverki því sem nafnið gegndi. Og það er einmitt þriðja skýringin sem varðar hlutverk og stöðu innan kerfisins.

Eiginnöfn greinast frá nafnorðum m.a. þannig að þau hafa ekki merkingu, oft a.m.k. óskýra, stundum alls enga; á merkinguna var minnst í fyrsta hluta. Eiginnöfn gegna fyrst og fremst því hlutverki að **nefna**. Forsenda þess er að baki sé eitthvað, hér persóna, og nafnið greini hana þar með frá öðrum. Þetta mætti jafnvel kalla einhvers konar persónugervingu; í vissum skilningi er þetta kynhlutverk.<sup>35</sup> En í nýju hlutverki felst að nafnið er í íslensku máli borið af lifandi veru, hér konu. Og um leið verður það hluti af tilteknum merkingarflokki. Því gæti verið freistandi að líta svo á að eitthvert samband sé á milli þess að nafnið *Ester* varð að raunverulegu eiginnafni og hinnar viðurkenndu eignarfallsendingar enda þótt hinar endingarnar (*-s* og *-Ø*) lifðu líka. Þetta er ekki alveg ósvipað því og gerðist í sambandi við Rakelarnafnið en þar hefur *s*-endingin horfið.<sup>36</sup> Sú beyging Esterarnafnsins, sem frásögn Biblíunnar sýnir, þjónar ekki endilega kyni og gegnir þar með ekki kynhlutverki á sama hátt og nafn lifandi veru gerir. Því má geta sér þess til að nafnið hafi ekki endilega þurft að hafa sérstaka kvenkynsendingu hafi menn á annað borð viljað tákna hana, hún hafi allt eins getað verið *-s* eins og hjá karlkyns- og hvorugkynsorðum eða jafnvel bara *-Ø*.

Við hina áðurnefndu persónugervingu mætti ætla að krafa um

35 Þessi skilningur byggist á hugmyndum Kuryłowicz (1980), sbr. (1). Hann segir m.a.: viii. The semantic content of such a name is p e r s o n, sometimes also a definite sex, take *John* versus *Joan* [...].

36 Ýmis eiginnöfn málsins eru ljós dæmi um persónugervingu. Þar má nefna eiginnafnið *Gestur* en samnafnið *gestur* og eiginnafnið er eitt og sama orðið. Um orðsifjarnar sjá Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:243) og Guðrúnu Kvaran og Sigurð Jónsson frá Arnarvatni (1991:245).



kynbeygingu ykist. Það er m.a. gert af virðingu fyrir viðkomandi en sýnir um leið hin nánu tengsl persónu og nafns. Orð Maybury-Lewis um hlutverk nafna í tilteknu samfélagi í mið-Brasilíu, sbr. Langendonck (2007:89) eiga því við:

- (14) „names do not [...] function primarily to indentify individuals. Their purpose is rather to transform individuals into persons.“

Nú vaknar sú spurning hvort t.d. *s*-endingin geti leitt til þess að nöfnin sem hér hafa komið við sögu gætu orðið karlmannsnöfn. En eins og ráða má af því sem fram kom um nöfn sem enda á *-el* þá gæti slíkt gerst. Þetta eru nöfn eins og *Abel* og *Marel* (sjá neðanmálgrein 32).

Í ljósi þessa er forvitnilegt að skoða nafnið *Blær*. *Blær* sem sérnafn var í fyrstu nafn á persónu í Brekkukotsannál Laxness en varð svo síðar eiginnaframt eins og alþekkt er. Það hefur lengstum verið skráð karlmannsnafn. Lengi var það þó borið af einni konu. Þeirri grundvallarreglu íslenskrar nafnahefðar að karlar beri ekki nöfn kvenna og konur ekki nöfn karla hefur nú verið hnekkt með dómi.<sup>37</sup>

Sú (takmarkaða) beyging nafnsins *Blær* sem birtist í Brekkukotsannál er í raun og veru beyging karlkyns: *Blær*, um *Blæ*, þ.e. nefnifall=þolfall *-r*.<sup>38</sup> Slíkur munur er aldrei gerður í kvenkynsbeygingunni. En þar sem nafnið er nú borið af konum hlýtur beygingarlegur munur að greina kynin að. Færu nöfnin *Auður* og *Ilmur* sömu leið myndi hið sama væntanlega eiga við um þau.

Eiginnöfn eru fjölmörg og sífellt stækkar hópurinn. Hvernig svo sem við flokkum nöfnin þá er sá flokkur opinn.<sup>39</sup> Nöfnin hafa ekki merkingu, a.m.k. í hefðbundnum skilningi, en þau hafa hlutverk sem er að gefa persónu nafn og þar með sérstöðu. Í sjálfu sér þurfa þau því ekki endilega að beygjast. Enn er þó svo gert. En verði það

37 Í lögum um mannanöfn sem tóku gildi 1. janúar 1997, sbr. neðanmálgrein 2 hér að ofan, segir í fimmtu grein annars kafla að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn og dreng karlmannsnafn. Þessu ákvæði var svo hnekkt með dómi 31. janúar 2013 í máli nr. E-721/2012.

38 Um beygingu kvenkynsnafsins *Blær*, sjá Margréti Jónsdóttur (2001:191–202). Sjá líka grein Guðrúnar Kvaran á Vísindavefnum, sjá <http://visindavefur.is/svar.php?id=5187>

39 Hér er sá skilningur lagður í opinn flokk að ný orð, hér nöfn, geti orðið til sem eiginnöfn. Takmörkin eru þó einhver, a.m.k. meiri en meðal samnafna.

algengara en nú að „sama“ nafnið þjóni báðum kynjum ætti það að styrkja beygingarkerfið enda aðgreingin þá nauðsynlegri en ella.

## Heimildir

- Agnes Heiða Þorsteinsdóttir og Hrafnhildur Ýr Árnadóttir. 2010. *Staða biblíunafna í íslensku samfélagi*. Lokaverkefni lagt fram til fullnaðar B.Ed-gráðu í Grunnskólafræði við Háskóla Íslands, Menntavísindasvið. Apríl 2010. Sjá [http://skemman.is/stream/get/1946/6550/14146/1/Agnes\\_Hrafnhildur\\_B.Ed\\_fnl.pdf](http://skemman.is/stream/get/1946/6550/14146/1/Agnes_Hrafnhildur_B.Ed_fnl.pdf)
- Anderson, John M. 2004. On the grammatical status of names. *Language* 80,3:435–474.
- Árni Böðvarsson. 1958. Íslensk tunga. *Þjóðviljinn* 23. árg. 1958, 63. tbl., bls. 6.
- Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Ásta Svavarsdóttir. 1993. *Beygingakerfi nafnorða í nútímaíslensku*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands. *Málfræðirannsóknir* 5. bindi.
- Bandle, Oskar. 1956. *Die Sprache der Guðbrandsbiblía*. Ejnar Munksgaard, Kaupmannahöfn.
- Biblia*. 1584. Holum.
- Biblia*. 1813. Kaupmannahöfn.
- Biblía*. 1841. Viðeyar Klaustri.
- Biblía*. 1908. Reykjavík.
- BÍN = Beygingarlýsing íslensks nútímamáls. Sjá [bin.arnastofnun.is](http://bin.arnastofnun.is)
- Croft, William. 2003. *Typology and Universals*. 2. útgáfa. Cambridge: Cambridge University Press.
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðblutafræði. Kennslukver banda nemendum á háskólastigi*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Gísli Pálsson. 2014. Personal Names: Embodiment, Differentiation, Exclusion, and Belonging. Gisli Pálsson. *Science, Technology, & Human Values* 2014:4 *Guðbrandsbiblía*. Sjá *Biblia*. 1584.
- Guðrún Kvaran. 2010. *Nöfn og aftur nöfn. Nefnir – Vefrit Nafnfræðifélagsins*, sjá [http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun\\_nafn\\_nefnir\\_GK2](http://www.arnastofnun.is/page/arnastofnun_nafn_nefnir_GK2)
- Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni. 1991. *Nöfn Íslendinga*. Reykjavík: Heimskringla. Háskólaforlag Máls og menningar.
- Haspelmath, Martin. 2006. Against markedness. *Journal of Linguistics* 42,1:25–70
- Ingólfur Pálmason. 1987. *Um ættarnöfn og erlend mannanöfn í íslensku*. Reykjavík.
- Kuryłowicz, Jerzy. 1980. The Linguistic Status of *Proper Nouns* (Names). *Onomastica* 25:5–8.
- Langendonck, Willy Van. 2007. *Theory and Typology of Names*. Berlín, New York: Mouton de Gruyter.
- Lyons, John. 1977. *Semantics*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Margrét Jónsdóttir. 2001. Karlmannsnafn eða kvenmannsnafn? Um nafnið *Blær*.

*Íslenskt mál* 23:191–202.

MÍM = Mörkuð íslensk málheimild. Sjá *arnastofnun.is*

*Stafsetningarorðabókin*. 2006. Ritstjóri: Dóra Hafsteinsdóttir. Reykjavík: JPV útgáfa.

Topelius, Zacharias. 1908. *Sögur berlæknisins*. V. bindi. Matthías Jochumsson þýddi. Ísafirði: Sigurður Jónsson, Prentsmiðja Vestra.

Topelius, Zacharias. 1955–1957. *Sögur berlæknisins*. Matthías Jochumsson þýddi. Snorri Hjartarson bjó til prentunar. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.

*Vísnaþók Guðbrands*. 2000. Jón Torfason og Kristján Eiríksson sáu um útgáfuna. Inngangur og skýringar eftir Jón Torfason, Kristján Eiríksson og Einar Sigurbjörnsson. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.

Þorvaldur Gylfason. 2004. Samtöl um tungumál. *Lesbók Morgunblaðsins* 79. árg., 3. apríl, bls. 3.

## VEFSLÓÐIR

*tímarit.is*

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1996045.html>

[http://www.arnastofnun.is/page/aettarnofn\\_a\\_islandi](http://www.arnastofnun.is/page/aettarnofn_a_islandi)

<http://bin.arnastofnun.is/leit/?id=361956>

<http://malfar.arnastofnun.is/>

[http://mim.arnastofnun.is/cgi-bin/query\\_dev.cgi](http://mim.arnastofnun.is/cgi-bin/query_dev.cgi)

<http://bragi.info/ljod.php?ID=2148>.

<http://grunnskoli.seltjarnarnes.is/skolinn/utgafa/frettabref/nr/1330>

[www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/nofn/](http://www.hagstofa.is/talnaefni/ibuar/faeddir-og-danir/nofn/)

<https://www.island.is/mannanofn/>

<http://visindavefur.is/svar.php?id=5187>

## ÚTDRÁTTUR

## Beygingarsaga nafnsins Ester

Eiginnafnið *Ester* (*Esther*) er áhugavert af ýmsum ástæðum. Í þessari grein er skýrt frá beygingarsögu nafnsins. Fjallað er um eftirfarandi atriði:

1. Nafnið *Ester* kemur fyrst fyrir í Guðbrandsbiblíu (1584), fyrstu íslensku Biblíuútgáfunni
2. Í Guðbrandsbiblíu var nafnið *Ester* án sérstakrar eignarfallsendingar. Í ögn yngri heimildum gat endingin líka verið *-s* sem var ending hvorugkynsnafnaorða. Í Biblíunni birtist endingin *-s* fyrst í útgáfunni frá 1813.
3. Í nýrri þýðingu Biblíunnar frá 1908 birtist fyrst eignarfallsendingin *-ar* sem er algengust á öllum kvenkynsorðum. Skömmu áður hafði *Ester* haslað sér völl sem eiginnafn.
4. Í nútímamáli fær *Ester* venjulega eignarfallsendinguna *-ar*. Endingin *-s* kemur þó stundum fyrir og stundum er nafnið endingarlaust (*-Ø*). Sama gildir einnig um nokkur önnur kvenmannsnöfn.
5. Í greininni er fjallað um þessa sérstöku notkun sem hér er lýst. Einnig verður hugað að stöðu sérnafna og hlutverki þeirra.

*Lykilord:* íslensk málsaga, beygingar- og orðmyndunarfræði, eignarfall eintölu, biblíunöfn, eiginöfn kvenna

## ABSTRACT

## The Inflectional History of the name Ester

The Icelandic proper name *Ester* (*Esther*) merits attention for a number of reasons. This article undertakes the task of writing the history of the declension of this name. The following issues will be dealt with:

- a. The name *Ester* first appeared in Guðbrandsbiblíu (1584), the first Icelandic edition of the Bible.
- b. In Guðbrandsbiblíu, the name *Ester* was without a special genitive ending. In sources, a bit younger, the ending could also be *-s* which is the ending for masculine or neuter

- nouns. In the Bible, the ending *-s* first appeared in the 1813 edition.
- c. In the new translation of the Bible 1908, the genitive ending *-ar*, the most common ending for all feminine nouns, first appeared. Shortly before, *Ester* had been established as a proper name.
  - d. In the modern language, *Ester* normally gets the the genitive ending *-ar*. However, the ending *-s* can be found and sometimes the name is without an ending (*-Ø*). Furthermore, the same could be said of few other female names.
  - e. In the article, this special behavior, here described, is discussed. The status of proper names and their role will also be taken into consideration.

*Keywords:* history of Icelandic, morphology, genitive singular, biblical women's names, proper women's names